

**Sp. 178. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]**  
um skipulagða uppbyggingu flugvalla í Austurlandskjördæmi.

Flm.: Egill Jónsson, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að gerð verði áætlun um uppbyggingu flugvalla á Austurlandi. Áætlunin verði gerð í fullu samráði við þá aðila heima fyrir sem um flugmál fjalla.

**Greinargerð.**

Segja má að með tilkomu flugsamgangna hafi einangrun afskekktar byggðarlaga á Austurlandi verið rofin og samgöngur milli Austurlands og annarra landshluta tekið á sig nýja mynd. Með frekari þróun flugsamgangna hér innanlands hefur flugið náð til fleiri byggðarlaga og þannig sífellt gegnt stærra hlutverki.

Í upphafi voru allar aðstæður ófullkomnar, bæði er varðar flugvelli og öryggisbúnað. Þótt nokkuð hafi áunnist til úrbóta í þeim efnum, sem m. a. má rekja til skipulagningar í flugmálum, eru aðstæður enn víða ófullnægjandi og áfátt á marga vegu.

Á síðari árum hafa einstaka sveitarstjórnir á Austurlandi komið á fót nefndum til að fjalla um málefni flugvalla í viðkomandi byggðarlögum. Nú síðast var kjörin sérstök nefnd á vegum Sambands sveitarfélaga á Austurlandi til að vinna að heildarskipulagningu og uppbyggingu flugvalla í kjördæminu. Þessi áhugi heima fyrir hefur mætt velvilja og skilningi hjá yfirvöldum flugmála, sem leitt hefur til enn meiri árangurs. Með þessari tillögu er áhersla lögð á að koma þessum málum í fastara form og tryggja um leið að sjónarmið og hagsmunir allra byggðarlaga á Austurlandi verði teknir til greina við þá áætlun sem hér er lagt til að gerð verði.